

Alþingi
Erindi nr. P 125/32
komudagur 1.11.1999



Matvæla-
og veitingasamband
Íslands

Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. formanns

Efni: Umsögn um frumvarp til iðnaðarlaga, 22 mál.

Stjórn MATVÍS tók bréf yðar fyrir á fundi dags. 27.10. 1999. Vill stjórn MATVÍS koma á framfæri neðangreindri athugasemd:

Samkvæmt núgildandi iðnaðarlögum er það eitt af skilyrðum þess að fá að reka handiðnað í löggiltri iðngrein, að slíkum iðnaði veiti meistari forstöðu á hverjum tíma. Í 1. gr. frumvarps þess er hér er til umræðu er gert ráð fyrir að ekki verði þar breyting á.

Í lögnum er og gert ráð fyrir að lögreglustjóri haldi uppi eftirliti með framkvæmd laganna t.d. 3.mgr. 2.gr. og 14.gr. (ásamt iðnráði)

MATVÍS hefur þótt verulega á skorta að því sé fylgt eftir af hálfu lögreglustjóra að starfsemi í löggilrit iðngrein sé rekin undir forstöðu meistara. Telur MATVÍS nauðsynlegt að skerpa ákvæði þau í iðnaðarlögum er snúa að menntun þess er löggiltri iðngrein veitir forstöðu, og styrkja eftirlits- og viðurlagaákvæði iðnaðarlaga.

Þannig telur MATVÍS nauðsynlegt að inn í 3. gr. komi ákvæði sem snúi beint að því að umsækjandi um leyfi til að reka iðnað, tilgreini hvaða meistari muni veita rekstrinum forstöðu, og að með umsókn fylgi staðfesting þess aðila.

Þannig gæti 6 tl. hljóðað svo:

“6. Tilgreinir nafn þess meistara sem veita mun rekstrinum forstöðu sbr. 1. mgr. 8.gr. laga þessara, ásamt því að afhenda staðfestingu þess aðila.”

Núverandi 6. tl. yrði þá 7.tl.

Þá telur MATVÍS eðlilegt að allar breytingar á því hvaða meistari veiti rekstri forstöðu beri að tilkynna og færast inn á skrá um iðnaðarleyfi sbr. 13 g. laganna.

Þannig gæti 2. mgr. 13., gr. hljóðað svo:

“Leyfishafar skulu jafnan tilkynna lögreglustjóra heimilisfang atvinnustöðvar sinnar og útibú og allar breytingar er þar verða á, sem og breytingar á því hvaða meistari veitir rekstrinum forstöðu ásamt því að senda staðfestingu nýs meistara.”

Þá telur MATVÍS rétt að áréttu hlutverki lögreglustjóra við eftirlit og framkvæmd laganna sbr. 14. gr. MATVÍS leggur til að í 14.gr. komi ný málsgrein í 1. mgr. svohljóðandi.

“ Lögreglustjóri á hverjum stað skal hafa uppi eftirlit með því að lögum þessum sé fylgt “

Aðrar málsgreinar 14. greinar haldi sér.

Ofangreindar tillögur að breytingum er til þess hugsaðar að auðvelda eftirlit með því að á hverjum tíma sé það meistari sem veiti löggiltri iðngrein forstöðu þannig að menn geti ekki mánuðum eða árum saman rekið handið í löggiltri iðngrein án forstöðu meistara en augljóst er að slíkt grefur undan gildi náms í viðkomandi greinum.

Reykjavík, 29. 10. 1999

f.h. MATVÍS

Niels S. Gunnarsson

Parabakka 3

109 Reykjavík

Pósthólf 9376

129 Reykjavík

Sími: +354 587 2195

Fax: +354 587 2175

Kt.: 500796-3089